

Stjórnarfundur í Geðhjálp

21. mars 2023 kl. 16:30

Dagskrá

Mætt: Grímur Atlason, Kristinn Tryggvi Gunnarsson, Elín Atim, Sigríður Ólafsdóttir, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Guðrún Þórsdóttir og Sigmar Þór Ármannsson sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð frá frá 16. febrúar sl.

Fundargerð samþykkt.

2. Ársreikningur ársins 2022

Ársreikningur ársins 2022 yfirfarinn og samþykktur.

3. Tillaga um lagabreytingu lögð fram af stjórn

4. gr. laga hljóðar svo:

Félagar geta orðið allir þeir einstaklingar sem áhuga hafa á og styðja vilja tilgang landssamtakanna Geðhjálpar. Kosningarétt og kjörgengi í félaginu hafa allir fullgildir félagsmenn. Fullgildir félagsmenn teljast þeir er skráðir hafa verið í félagið mánuð fyrir aðalfund og greitt hafa styrktargjald í einn mánuð eða árgjald fyrir yfirstandandi ár. Ef félagsbundnir launaðir starfsmenn félagsins ná kjöri til stjórnarsetu, hætta þeir samhliða störfum sínum sem þeir þiggja laun fyrir.

Verður þannig:

Félagar geta orðið allir þeir einstaklingar sem áhuga hafa á og styðja vilja tilgang landssamtakanna Geðhjálpar. Kosningarétt og kjörgengi í félaginu hafa allir fullgildir félagsmenn. Fullgildir félagsmenn teljast þeir er skráðir hafa verið í félagið mánuð fyrir aðalfund og greitt hafa styrktargjald í einn mánuð eða árgjald fyrir yfirstandandi ár. Ef félagsbundnir launaðir starfsmenn félagsins ná kjöri til stjórnarsetu, hætta þeir samhliða störfum sínum sem þeir þiggja laun fyrir.

Stjórn er heimilt að greiða meðlimum stjórnar þóknun fyrir störf sem þeir vinna fyrir samtökin. Nánari reglur um slíkar greiðslur skulu koma fram í starfsreglum stjórnar sem skulu vera aðgengilegar öllum félagsmönnum og birtar á heimasíðu samtakanna.

Stjórn samþykkir að leggja tillöguna svona fram á aðalfundi samtakanna 30. mars. nk.


4. Ráðstefnan Social change

Framkvæmdastjóri kynnir stöðu mála í tengslum við ráðstefnuna. Dagskrá liggur fyrir en það verða vinnustofur 27. apríl og fyrirlestrar 28. apríl.

5. Önnur mál

- Peer support námskeið. Elín Atim sótti námskeiðið og ber því góða sögu.
- Aðalfundur samtakanna – frestur til að skila inn framboðum til og með 23. mars.

Fundi slitið kl. 17:53



Handwritten signatures of the board members: Grímur Atlason, Kristinn Tryggvi Gunnarsson, Sigríður Ólafsdóttir, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Guðrún Þórsdóttir, and Sigmar Þór Ármannsson.